

Efni: Skýrsla vegna styrks sem veittur var úr kennslumálasjóði í apríl 2017 vegna námskeiðs um notkun radarmælis sem er í eigu Jarðvísindastofnunar og námsbrautar í fornleifafræði við Háskóla Íslands.

Verkefnið miðaði að því að bjóða sérfræðingi á sviði jarðsjármælinga hingað til lands í þeim tilgangi að halda stutt námskeið fyrir þá kennara og framhaldsnema sem hyggjast nýta radarjarðsjá, sem er í eigu Jarðvísindastofnunar og Námsbrautar í fornleifafræði við Háskóla Íslands, við kennslu og rannsóknir. Tækið er af gerðinni GSSI gerðinni *SIR System-3000* (*GSSI TerraSIRch SIR system-3000*).

Fornleifafræðingurinn dr. Knut Paasche kom hingað til lands ásamt samstarfsmanni sínum, Eric Nau, í nóvember 2017 og kenndi á tækið og fór yfir sögu jarðsjármælinga. Upphaflega var gert ráð fyrir að hann kenndi námskeiðið í maí en það gekk ekki eftir. Eins stóð til að annar aðstoðarmaður Knuts, Immo Trinks, kæmi til landsins og kenndi einnig á tækið en flugi hans til landsins var frestað fram yfir námskeiðslok, þannig að ekki varð úr því. Að öðru leyti fór námskeiðið fram eins og áætlað var.



Myndir frá námskeiðinu, t.v. Knut Paasche að kenna í vinnuherbergi námsbrautar í fornleifafræði og t.h. Ármann Höskuldsson að kenna á radarinn úti á vettvangi á Bessastöðum.

Í námskeiðinu tóku fjórtán manns þátt, jafnt kennarar og framhaldsnemar í fornleifafræði og jarðfræði. Kennt var í vinnuherbergi námsbrautar í fornleifafræði 23. nóvember (fylgiskjal 1) en úti á vettvangi, n.t.t. á Bessastöðum á Álftanesi, daginn eftir þar sem þátttakendur gátu prófað tækið (fylgiskjal 2).

Kennsla gekk vel og mikill árangur var af námskeiðinu. Tækið mun væntanlega nýttast betur í framtíðinni en það hefur gert til þessa. Var þetta í fyrsta skipti sem námskeið er haldið í notkun þess. Umsækjandi var undirrituð og meðumsækjandi var Ármann Höskuldsson frá Jarðvísindastofnun.

Reykjavík 27. febrúar 2018

Steinunn Kristjánsdóttir prófessor í fornleifafræði

Fylgiskjöl:

1. Dagskrá námskeiðsins
2. Svæði sem mæld voru á Bessastöðum